

2. gr.

38

30. júní

3., 4. og 5. málsg. 31. gr. laganna orðist svo:

Íslenzk skip, sem undanskilin eru frá því að hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini, skulu þó hafa ákveðið minnsta hleðsluborð og hleðslumerkjaskírteini, og nær þetta ákvæði til allra skipa, sem eru farþegaskip, og skipa, sem eru í vöruflutningum innan lands, hafna á milli, eða flytja farm milli Íslands og annarra landa.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð fyrir mæli um mælingar og skoðanir, sem gerðar skulu á skipi til ákvörðunar alþjóðahleðslumerkja, samkvæmt áður greindri alþjóðasamþykkt frá 5. júlí 1930, og reglur til ákvörðunar á minnsta hleðsluborði farþega- og vöruflutningaskipa í innanlandssiglingum og fiskiskipa, er sigla milli landa, svo og um gerð hleðslumerkjaskírteinis þessara skipa. Enn fremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þílfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda síldveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 38. gr., svo hljóðandi:

Á farþegaskipum í innan- og utanlandssiglingum skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þílfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveða, hvernig skuli um slíkan farm búið, svo sem minnst hætta stafi af.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

39

30. júní

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændafnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandsundirlendi.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður skólanum stað, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

39

30. júní

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsg. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsg. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsg. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal, svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnaði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfshætti hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

40

30. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „innan tíu ára frá því er lög þessi ganga í gildi“ í 2. málsg. 3. gr. laganna kemur: fyrir árslok 1947.

2. gr.

Á eftir 1. málsg. 14. gr. laganna kemur ný málsg., svo hljóðandi:

Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með henni, eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.